

EFTIRLITSSKÝRSLA

MEÐHÖNDLUN ÚRGANGS, URÐUNARSTAÐUR VIÐ STEKKJARVÍK

Dagsetning	11.11.2011	Fulltrúi UST	Sigrún Guðmundsdóttir, Valur Klemensson
Fyrirtæki	Norðurá bs	Starfsleyfi, gildir til	26.11.2026
Heimilisfang	Skagfirðingabraut 17 Sauðarkróki,	Tegund eftirlits	Reglubundið-seinna
Kennitala	560206-0620	Fulltrúar fyrirtækis	Fannar Viggósson
Isat nr.	21.0	Staðsetning starfstöðvar (hnit)	
Starfsemi	Urðun almenns úrgangs		

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Gerðar voru tvær athugasemdir. Athugasemdir voru gerðar þar sem verklagsreglu vantar varðandi móttöku asbestsúrgangs og neyðaráætlun var ekki til staðar.

UMFANG EFTIRLITS

Ekið var um svæðið, fyrst var farinn hringur meðfram gryfju þar sem sorp er urðað þar sem m.a. rör fyrir gassöfnun voru skoðuð. Því næst var ekið niður í gryfjuna og gengið um urðunarsvæðið.

Farið var yfir ákvæði starfsleyfis og reglugerðar 738/2003 um urðun úrgangs, er varða mengunarvarnir og skráningar.



FRÁVIKⁱ OG ATHUGASEMDIRⁱⁱ

Athugasemd 1:

Neyðaráætlun er í smíðum.

Neyðaráætlun dagsett 12.01.2012 barst Umhverfisstofnun en þar kemur fram að gerður hafi verið samningur við Sorpurðun Vesturlands um móttöku á sorpi ef til stöðvunar reksturs hjá Norðurá kemur. Óskað er eftir skriflegri staðfestingu frá Sorpurðun Vesturlands á þessu.

Athugasemd 2:

Verklagsreglu vantar varðandi móttöku á asbesti.

Önnur atriði:

Komið hefur fyrir að sauðfé hafi sloppið inn á svæðið þegar hlið hafa verið opnað fyrir umferð. Umhverfisstofnun leggur áherslu á fé verði rekið aftur út fyrir girðingu þegar slíkt gerist, eins og gert hefur verið fram að þessu.

Reykjavík, 15/05/2012

Undirskrift eftirlitsaðila

ⁱ **Frávik:** Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

ⁱⁱ **Athugasemd:** Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.